

VERKLAGSREGLUR AÐGENGI BÆJARFULLTRÚA AÐ GÖGNUM

1. gr. – Meginregla um aðgengi að gögnum

Meginreglan er sú að sérhver bæjarfulltrúi skal vegna starfa sinna í bæjarstjórn eiga rétt á að kynna sér gögn og upplýsingar sem fyrir liggja í stjórnsýslu sveitarfélags og varða málefni sem komið geta til umfjöllunar í sveitarstjórn, sbr. 28. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 og 20. gr. samþykktar um stjórn Hafnarfjarðarkaupstaðar.

2. gr. – Takmarkanir á aðgengi

Þrátt fyrir framangreinda meginreglu í 28. gr. sveitarstjórnarlaga geta verið fyrir hendi gögn í máli sem rétt er að bæjarfulltrúi hafi ekki aðgang að, svo sem gögn um verulega einkahagi einstaklings, til dæmis læknisvottorð, sálfræðigreining o.þ.h. Þó er skylt að upplýsa bæjarfulltrúa þannig um mál að honum sé unnt að gera sér grein fyrir umfangi þess og áhrifum til dæmis á fjárhag bæjarfélagsins. Gæta verður þess þá að upplýsingarnar séu veittar með þeim hætti að ekki verði lesið úr upplýsingunum hvaða mál sé um að ræða eða hverjir séu aðilar að því.

3. gr. - Beiðni um aðgang að gögnum

Beiðni um aðgang að gögnum skal beint skriflega til viðkomandi sviðsstjóra. Tiltaka skal í beiðninni hvaða gögnum óskað er eftir og/eða um hvaða málefni þau fjalla. Miða skal við að aðgangur sé veittur innan 5 daga frá móttöku beiðninnar. Ef gögn eru undanþegin upplýsingarétti almennings hefur bæjarfulltrúi heimild til að kynna sér þau á skrifstofu sveitarfélagsins en hefur ekki heimild til að taka af þeim afrit eða fara með þau af skrifstofu sveitarfélagsins.

4. gr. - Beiðni um vinnslu gagna og úttektir

Í þeim tilvikum þegar bæjarfulltrúi óskar eftir svörum við tilteknum spurningum sem krefjast sérstakrar vinnu starfsmanna, svo sem úttektir og útreikningar, ber bæjarfulltrúa að bera fram skriflega fyrirspurn í viðkomandi ráði eða snúa sér til bæjarstjóra eða viðkomandi sviðsstjóra. Í þeim tilvikum fer frestur á veitingu upplýsinga eftir eðli og umfangi fyrirspurnar en þó aldrei lengur en 4 vikur.

5. gr. - Trúnaðarskylda

Bæjarfulltrúar skulu gæta þagnarskyldu um það sem þeir verða áskynja í starfi og leynt á að fara vegna einka- eða almannahagsmuna samkvæmt lögum eða eðli máls. Þagnarskyldan helst áfram eftir að bæjarfulltrúi lætur af þeim störfum, sbr. 18.gr. samþykktar um stjórn Hafnarfjarðarkaupstaðar

6. gr. Réttindi og skyldur fulltrúa í ráðum, nefndum og stjórnnum

Sömu reglur um aðgengi að gögnum og trúnaðarskylda gilda um fulltrúa sem kjörnir eru í ráð, nefndir og stjórnir á vegum bæjarins með þeirri mikilvægu undantekningu að aðgangur þeirra skv. 1. gr. takmarkast við gögn bæjarfélagsins sem heyra undir það ráð, nefnd eða stjórn sem þeir sitja í.

Verklagsreglur þessar voru samþykktar í bæjarstjórn Hafnarfjarðar 21. júní 2023 og öðluðust þá gildi.